

REGLUR

um umgengni í Garðakirkjugarði á Álftanesi.

1. gr.

Reglur þessar taka til umgengni í Garðakirkjugarði á Álftanesi. Kirkjugarðurinn er friðhelgur. Í kirkjugarðinum er sérhver hávaði eða ys bannaður. Öllum er frjáls för um kirkjugarðinn með þeim takmörkunum sem af þessum reglum leiðir.

2. gr.

Börn yngri en 12 ára mega ekki hafast þar við, nema í fylgd með fullorðnum, sem þá bera ábyrgð á hegðun þeirra.

3. gr.

Í kirkjugarðinum er bannað að fara um með hesta eða önnur dýr að undanskildum hundum sem skulu þá hafðir í bandi.

4. gr.

Kirkjugarðurinn er almennt opinn allan sólarhringinn. Hámarkshraði ökutækja er 20 km á klukkustund. Aðeins er heimilt að aka á malbikuðum vegum innan kirkjugarðsins.

5. gr.

Enginn má vinna í kirkjugarðinum gegn gjaldi, nema undir eftirliti kirkjugarðsvarðar. Á eftirtöldum helgidögum er öll vinna í garðinum bönnuð: Nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla frá kl. 18.00 og jóladag.

6. gr.

Eigi má skilja eftir á leiðum eða götum garðsins; mold, jurtaleifar, sorp eða nokkuð annað, sem óprýði, óþrifum eða truflun getur valdið. Allt slíkt skal setja í til þess ætluð ílát eða á til þess ætlaða staði.

7. gr.

Kirkjugarðsstjórnin skal tilkynna lögreglu um mannsöfnuð sem eigi telst viðeigandi að safnist saman í kirkjugarði.

8. gr.

Eigi má sá til eða gróðursetja neins staðar í kirkjugarðinum þær jurtir sem með sjálfsáningu, rótarskoti eða á annan hátt offjölgar, þannig að hætta sé á að jurtirnar breiðist út til annarra legstæða. Greinar og rætur jurta, runna og trjáa, sem gróðursett hafa verið á legstæði mega ekki ná út fyrir mörk þess og þannig hindra umferð við göngustíga og brautir kirkjugarðsins eða skemma önnur legstæði. Gróður sem settur er á leiði má ekki verða hærri en einn metri. Fánar og hvers kyns veifur eru óheimilaðar.

9. gr.

Sái einhver eða gróðursetji slíkar jurtir, sem um ræðir í 8. gr., eða ef greinar runna og trjáa hindra umferð við göngustíga eða brautir kirkjugarðs, hefur kirkjugarðsstjórn heimild til að útrýma viðkomandi plöntum á kostnað þess sem gróðursetti þær. Ef ekki er vitað hver gróðursetti viðkomandi plöntur, þá jafnvel á kostnað skráðra aðstandenda viðkomandi legstæðis.

10. gr.

Ekki má, án leyfis kirkjugarðsstjórnar, fjarlægja neitt af legstæðum, svo sem minnismerki eða aðra varanlega hluti.

11. gr.

Stjórn Garðakirkjugarðs ber eigi skaðabótaábyrgð á, þótt umbúnaður grafarstæðis, minnismerki, gróður eða annað, sem á grafstæði kann að vera, verði fyrir skemmdum eða ónýttist af völdum náttúruafla eða skemmdarvarga.

12. gr.

Sá sem vill setja minnismerki á leiði eða duftreit skal fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar.

Umsókn um slíkt leyfi skal vera skrifleg og fylgi henni nákvæm lýsing á minnismerkinu. Uppsetning minnismerkis er ekki heimil fyrr en að fengnu skriflegu leyfi kirkjugarðsstjórnar. Stærð og útlit minnismerkja sé í samræmi við þær reglur sem settar hafa verið um minnismerki. Viðhald legsteina og minnismerkja er í umsjá aðstandenda en hafa skal samráð við kirkjugarðsstjórn.

13. gr.

Frágangur minnismerkja skal vera svo traustur, að þau hvorki raski, né ýti til jarðvegi, þótt gröf sé tekin við hlið þeirra.

14. gr.

Þegar minnismerki, umbúnaður grafar og þess háttar, er svo úr sé gengið og/eða komið að falli, svo að stafar af hætta, eða er til óþrýði, skal gera umsjónarmanni grafstæðisins aðvart. Beri það eigi árangur eða náist eigi til hans, má fjarlægja umgerðina og/eða minnismerki. Skal það þá gert í samræmi við fyrirmæli 26. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Hafi minnismerki verið sett upp sem ekki er í samræmi við reglur um minnismerki er kirkjugarðsstjórninni heimilt að fjarlægja það á kostnað aðstandenda að undangenginni aðvörun og að loknum fresti sem þeim er veittur til þess að fjarlægja minnismerkið.

15. gr.

Legstæði, sem verið hefur í óhirdu í 3 ár samfleytt, skal kirkjugarðsstjórnin láta tyrfa, malbera eða gera aðrar ráðstafanir, sem auðvelda umhirdu þess. Áður en til þess kemur skal aðstandendum send tilkynning og veittur frestur til úrbóta.

16. gr.

Skaðabætur skulu eigi koma til rétthafa grafstæðis, ef beita verður ákvæðum 14. eða 15. gr.

17. gr.

Þótt grafarfriður sé útrunninn, skal eigi flytja uppistandandi minnismerki eða raska umbúnaði legstæðisins, sé það í góðu ásigkomulagi.

18. gr.

Auk framantalinna sérákvæða, gilda ákvæði lögreglusamþykktar, eftir því sem við á, á öllu athafnasvæði Garðakirkjugarðs.

19. gr.

Reglur þessar sem eru settar samkvæmt tillögu stjórnar Garðakirkjugarðs með heimild í 51. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36. 4. maí 1993, öðlast nú þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 11. júlí 2011.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.